

Titill	Skipulag ferða og hópastjórnun
Skammstöfun	FJAL1SH05
Námsgrein	Fjallamennska
Viðfangsefni	Skipulag ferða, hópastjórnun og leiðsögn
Prep	1
Einingafjöldi	5

Lýsing:	Í áfanganum þjálfast nemendur í að undirbúa og skipuleggja óbyggða- og afþreyingarferðir. Áherslan er lögð á nemandann sjálfan, þekkingu hans, leikni og hæfni varðandi útivist, hópastjórn og leiðsögn jafnt á láglandi sem og á fjöllum. Farið verður yfir atriði sem varða almennan undirbúning ferða s.s. leiðtogahæfni og hópastjórnun, ferðatilhögun og leiðarval, viðbragðsáætlanir og viðeigandi útbúnað.
----------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"> • grunnþáttum varðandi undirbúning og skipulag fjölbreyttra óbyggða- og afþreyingarferða • aðhlyningu í lengri ferðum • nauðsynlegum, almennum útivistarbúnaði fyrir óbyggða- og tjaldferðir • helsta öryggisbúnaði fyrir útivistarferðir • eigin styrkleikum og takmörkunum sem byggja m.a. á þjálfraði • mismunandi aðstæðum • mikilvægi hópastjórnunar og uppbyggilegra mannlegra samskipta • tækifærum til fjölbreyttrar fjallamennsku og hollrar útivistar í nærumhverfi sínu • mikilvægi þess að ganga vel um landið • mismunandi aðstæðum í óbyggðum og fjalllendi og viðbrögðum við þeim • rötun og leiðarvali í fjallendi
------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"> • greina helstu þætti við skipulag og undirbúning fjölbreyttra óbyggða- og afþreyingarferða • skipuleggja óbyggða- og fjallaferðir og nota búnað í samræmi við aðstæður • huga vel að sjálfum sér og öðrum í styttri og lengri óbyggðaferðum • meta og nýta sér aðstæður úti í íslenskri náttúru og meta veðurútlit • meta eigin styrkleika og takmarkanir • rata og velja milli mismunandi leiða í fjallendi, meta áhættu og stýra þeirri hættu • stuðla að uppbyggilegum mannlegum samskiptum • stjórna hópum
---------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skipuleggja styttri og lengri óbyggða- og afþreyingarferðir • geta stundað fjölbreytta útvist á öruggan hátt og skipulagt mismunandi ferðir • geta tekið ákvarðanir miðað við eigið líkamsástand, staðhætti og aðstæður • fara fyrir hópi og taka ákvarðanir í samráði við ferðafélaga • velja og nota viðeigandi búnað á hverjum stað • skrá og meta eigin ferð • miðla fróðleik um náttúru landsins sem fyrir augu ber á ferðalagi • meta aðstæður í íslenskri náttúru á raunhæfan hátt og velja verkefni við hæfi • leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættuþáttum • gera sér grein fyrir samfélagslegu og siðferðilegu hlutverki frumkvöðla • taka meðvitaðar og upplýstar ákvarðanir í umhverfismálum • meta styrk sinn og koma auga á hagnýtingu menntunar sinnar • kynna verk sín og útskýra fyrir öðrum • þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
--------------------	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Námsmat	Leiðsagnarmat og námsmappa
----------------	----------------------------

Leiðbeiningar	<p>Námsmatið er leiðsagnarmat sem byggir á reglulegum samskiptum nemenda og kennara. Nemandi skráir reynslu sína í tengslum við skipulagningu og hópastjórn í námsmöppu. Hann skráir einnig hæfni sína í Europass.</p>
----------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------